



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA 2010

- AKUREYRI -
- 2011 -



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

Brekkugötu 17, 600 Akureyri
sími 460-1290, fax 460-1291

netföng: herak@herak.is, adalbjorg@akureyri.is, lara@akureyri.is
opnunartími: 10:00 – 18:00 mánudaga og fimmtudaga,
10:00 – 16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.


Héraðsskjalasafnið á Akureyri árið 2010

Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri er rekið með fjárframlagi fimm sveitarfélaga, sem að því standa, en fjárhagsáætlun heyrir undir Akureyrarbæ og Akureyrarstofu, en sú nefnd fer með málefni safnsins. Starfsmenn safnsins eru tveir, Aðalbjörg Sigmarsdóttir, héraðsskjalavörður og Lára Ágústa Ólafsdóttir, skjalavörður.

Starfsemin

Aðsókn til safnsins var svipuð og undanfarin ár þar sem 658 gestir heimsóttu safnið, 524 karlar og 134 konur. Gestirnir fengu afnot af 2.242 skjalanúmerum á lestrarsal og er þá ótalin notkun skjala við upplýsingaleit og svörun fyrirspurna til þeirra sem ekki komu á staðinn. Afhendingar skjala til safnsins árið 2010 voru 89 talsins, en 81 árið á undan.



Gestir á lestrarsal árið 2010

Varðandi afhendingar til safnsins þá er það brýnt fyrir þeim sem starfa hjá sveitarfélögunum að þeim er skylt að varðveita öll gögn sem verða til í þeirra starfi og að engu má fleygja nema að fengnu leyfi eða fara að settum reglum um grísjun skjala. Starfsfólk safnsins veitir ráðgjöf og leiðbeiningar um skjalavörsluna.

Biskup Íslands og Félag héraðskjalavarða á Íslandi stóðu á árinu 2010 fyrir sameiginlegu átaki í söfnun og varðveislu skjalasafna sóknarnefnda í landinu. Efnt var til þessa átaks til þess að hvetja sóknarnefndir til að varðveita sögu sína með öruggum hætti. Forsvarsmenn sóknarnefnda voru hvattir til að hafa samband við næsta héraðsskjalasafn varðandi nánari upplýsingar eða til að koma skjölunum þangað til varðveislu. Átak þetta skilaði árangri hér og víðs vegar um land, en margar sóknarnefndir á þessu svæði höfðu þó áður gert góð skil til safnsins.

Heimasíða

Snemma árs 2010, eða þann 19. febrúar var tekin í notkun ný heimasíða með vefslóðinni <http://herak.is>. Síðan er hönnuð hjá Stefnu á Akureyri og unnin í



Heimaðska safnsins

vefumsjónarkerfinu Moya. Á síðunni er að finna upplýsingar um safnið, sögu þess, starfsemi og þjónustu. Þar er einnig að finna ýmsan fríðleik um skjöl, aðgang að þeim og afhendingarskyldu. Síðast en ekki síst má nefna að hægt er að sjá yfirlit yfir skjalaskrár safnsins, t.d. hvaða stofnanir, félög og einstaklingar eiga skjöl í safninu og fara þar inn á nánari skrá um skjöl hvers og eins. Fyrirspurnir til safnsins má senda á netfangið herak@herak.is.

Fundur og félagsmál

Félag héraðsskjalavörða stóð fyrir málþingi fyrir héraðsskjalaverði um skjalavörslu leikskóla og grunnskóla í tilefni Alþjóðlega skjaladagsins 9. júní 2010. Fjallað var m.a. um skjalavistunaráætlanir og bréfalýkla fyrir leikskóla og grunnskóla og velt upp spurningum um vörsluvanda á þeim skjölum sem verða til í tölvukerfinu Mentor og hugmyndum að lausnum á því máli.

Starfsmenn Þjóðskjalasafns voru á ferð norðan heiða þriðjudaginn 7. sept. Þessi heimsókn var sú fyrsta af mörgum slíkum, því að stefnt var á að heim-sækja öll héraðsskjalasöfnin næstu mánuði. Héraðsskjalasafnið á Akureyri var fyrst heimsótt og farið yfir stöðu mála hjá safninu. Í kjölfarið var fundað með sveitarstjórnarmönnum þeirra svæða sem eiga aðild að rekstri safnsins, en það eru Akureyrarbær, Grýtubakkahreppur, Svalbærstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Sérstök áhersla var lögð á leiðbeiningahlutverk héraðsskjalasafna með skjalavörslu sveitarfélaganna og skil þeirra á skjölum til safnanna. Undirbúningur varðandi skil á rafrænum skjalasöfnum var kynntur og auk þess reglur Þjóðskjalasafns um skjalavörslu sem þá nýverið höfðu verið birtar í Stjórnartíðindum.

Dagana 22. - 23. sept hélt Þjóðskjalasafn Íslands sína árlegu ráðstefnu með héraðsskjalavörðum og að þessu sinni á Höfn í Hornafirði. Héraðsskjalaverðir fengu þar hinar höfðinglegustu móttökur og umgjörð fundarins var hin glæsilegasta í Menningarmiðstöðinni Nýheimum.

Sýningar

Á bóndadaginn, 22. jan. 2010 var gerð tilraun til að vekja athygli á safninu með því að tína til efni sem tengist þorranum, það ljósritað og sett í möppur. Möppurnar voru síðan settar á áberandi stað á Amtsbókasafninu, sem er í sama húsi og Héraðsskjalasafnið. Í stað þess að halda hefðbundna sýningu þar sem skjölin eru í lokuðum kössum var þessi leið valin til þess að færa efnið nær gestum bókasafnsins, sem annars voru ekki komnir til þess að skoða skjöl skjalasafnsins. Tilrauninni lauk á konudaginn en óvíst var um árangurinn.

Í tilefni af 60 ára afmæli Barnaheimilisins/leikskólans Pálmholts var sett upp sýning í samstarfi við leikskólann. Sýningin var í anddyri Amtsbókasafns og Héraðsskjalasafns og mátti þar sjá sögu starfseminnar í máli og myndum. Þar var einnig sýnd stutt kvikmynd sem Eðvarð Sigurgeirsson ljósmyndari tók af starfinu á Pálmholti árið 1952. Þetta var eina eintakið sem til var af myndinni og er hún ómetanlegur fjársjóður fyrir sögu Pálmholts. Filman hafði verið

geymd á safninu síðan 1979, en var í eigu Kvenfélagsins Hlífar, sem stofnsetti barnaheimilið, og var henni skilað inn á safnið ásamt öðrum gögnum kvenfélagsins það ár. Kvikmyndasafn Íslands tók DVD afrit sem notað var á sýningunni með góðfúslegu leyfi Egils Eðvarðssonar, sem fer með höfundarrétt yfir efni föður síns. Sýningin stóð frá 7.- 30. júní.



Úr kvikmynd Eðvarðs Sigurgeirssonar um Pálmholt

Í tilefni af 35 ára afmæli kvennafrídagins 24. október voru sett aftur upp sýningarspjöld sem gerð voru fimm árum fyrr í tilefni af 30 ára afmælinu og stóð sú sýning 18. - 29. október.

Að venju tók safnið þátt í Norræna skjaladeginum, sem er árlegur kynningardagur skjalasafna á Norðurlöndum, annan laugardag í nóvember. Þótt lög gildi um opinbera skjalavörslu er ekki nægilega áréttað að einstaklingar í félögum, stofnunum og fyrirtækjum ráða miklu um hvað verður um gögn sem þeir vinna með eða varðveita. Eitt markmiða skjaladagsins er að efla vitund fólks um að skjalasöfnin séu tryggir vörslustaðir skjala af hvaða tagi sem er. Fundargerðabækur, bréf, myndir og fleiri skjöl á hvaða formi sem er eiga erindi á héraðsskjalasöfn.

Þetta árið var þema skjaladagsins Veður og loftslag. Safnið tók þátt með því að senda efni á sameiginlegan vef skjalasafnanna <http://skjaladagur.is>. Sagt var frá einstöku blíðviðri hér um slóðir árið 1939, en um það má lesa í dagbókum Kjartans Júlíussonar á Skáldstöðum, Sigurgeirs Jónssonar og Jóhannesar Óla Sæmundssonar á Akureyri. Sagt var frá veðurspeki og veðurspám byggðum á háttalagi fugla, en það efni má finna í skjölum frá Gísla Jónssyni menntaskólakennara. Einnig var sagt frá rannsóknum á berghlaupum, en skjöl um þau er að finna í skjalasafni Ólafs Jónssonar sem kenndur var við Gróðrarstöðina.

Síðasta sýning ársins var í samstarfi við Amtsbókasafn, sýnd voru jólakort og jólas kraut í einkaeign frá 1943-1997 og jólasveinar í eigu Amtsbókasafns. Stóð sýning þessi frá 1. desember og fram yfir jól.

Aðföng

Hér á eftir fylgir listi yfir aðföng ársins 2010 þar sem sjá má hver afhenti og frá hverjum skjölin komu. Stofnunum, nefndum og fyrirtækjum sveitarfélaga er skylt að afhenda gögn sín á safnið og það sama á við um félög sem hlotið hafa styrk af almannafé. Safnið tekur einnig við skjölum annarra félaga og skjölum einstaklinga og fyrirtækja, sem ætla má að séu heimildir um sögu héraðsins. Fullunnar skrár yfir skjölin liggja frammi á lestrarsal fyrir gesti safnsins. Skrárnar má einnig skoða á vefsíðunni <http://www.herak.is>.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafninu á Akureyri árið 2010

1. Gunnar Sólnes, Akureyri, afhenti lítryggingaskirteini og skilmála 1989.
2. Valtýr Sigurbjarnarson, Akureyri, afhenti skjöl Héraðsnefndar Eyjafjarðar.
3. Rósberg og Brynjar Óttarssynir, Akureyri afhentu gjörðabók stjórnar og bókhaldsgögn frá Heilsuhælinu í Kristnesi.
4. Anna Bragadóttir, Akureyri, afhenti teikningar frá skipulagsdeild Akureyrar.
5. Reynir og Þuríður Schiöth, Hólshúsum, Eyjafjarðarsveit, afhentu heiðursfélagaskjöl Helga Schiöth í Ungmennafélaginu Framtíð 1958 og KA 1961.
6. Ásgrímur Ágústsson, Akureyri, afhenti skjöl frá ljósmyndastofunni Norðurmynd.
7. Guðrún og Sólveig Erlendsdætur, Akureyri, afhentu skjöl frá Lovísu Pétursdóttur og Jóni Sveinbjörnssyni, Akureyri.
8. Björk Guðmundsdóttir, Akureyri, afhenti skjöl frá Verkmenntaskólanum á Akureyri og Starfsdeildinni í Löngumýri.
9. Margrét Kröyer, Akureyri, afhenti frá Kvenfélaginu Framtíðin: Jólamerki, gestabók og skrá yfir seld minningarkort.
10. Sigurbjörg Pálsdóttir, Akureyri, afhenti einkaskjöl Páls Tómassonar og Önnu Jónínu Jónsdóttur, Akureyri.
11. Magnús Aðalbjörnsson, Akureyri, afhenti skömmtunarseðla og nafn-skirteini frá föður sínum Aðalbirni Austmar.
12. Már Einarsson, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni ýmis blöð útgefin á Akureyri: Sindri, Sunnudagaskólablaðið, Ný tíðindi, Sumardvöl, Heiðarþúinn; Þjóðvinurinn; Úlfur; Viðskiptatíðindi fyrir Akureyri og Eyjafjarðarsýslu 1957; sálmaskrár.
13. Áslaug Kristjánsdóttir, Akureyri, afhenti skjöl frá Hestamannafélaginu Létti.
14. Helga Valborg Pétursdóttir, Akureyri, afhenti gögn um kortasölu Minningarsjóðs Kvenfélagsins Hlífar.
15. Brynja Björk Pálsdóttir, Akureyri, afhenti kjörskrár vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

16. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni ýmis blöð og smálegt dót úr bókaöfjum.
17. Seselía María Gunnarsdóttir, Dagverðareyri, afhenti fundargerðir sóknar-nefndar Glæsibæjarkirkju, legstaðaskrá og nokkur bréf.
18. Hallgrímur Skaftason, Akureyri, afhenti gögn frá gerðardómsmáli milli Laxárvirkjunar og Norðurverks hf.
19. Árni Bjarnason, Svalbarðseyri, afhenti einkaskjöl Guðmundar Benedikts-sonar frá Breiðaból, skjöl frá UMF Æskan o.fl.
20. Árni Bjarnason, Svalbarðseyri, afhenti skjöl frá Svalbarðsstrandarhreppi, Fjórðungssambandi Norðlendinga, Sparisjóði Svalbarðsstrandar o.fl.
21. Þór Sigurðsson, Akureyri, afhenti fáein einkaskjöl úr förum Maríu Sigríðar Jóhannsdóttur á Naustum, Akureyri.
22. Ingólfur Ármannsson, Akureyri afhenti skátagögn úr eigin förum.
23. Jón Hjaltason, Akureyri, afhenti Sögu Akureyrar V. bindi 1940-1962 á geisladiski.
24. Sigríður Jónsdóttir, Akureyri, afhenti skjöl Zontaklúbbs Akureyrar.
25. Kári Arnór Kárason, Akureyri, afhenti gögn frá Lífeyrissjóðnum Sameiningu, Lífeyrissjóði Iðju, Lífeyrissjóði trésmiða á Akureyri og Lífeyrissjóði KEA.
26. Magnús Óskarsson, Sölvanesi, Skagafirði, afhenti fundargerðir og fleiri gögn Menningarsamtaka Norðlendinga.
27. Guðný Sverrisdóttir, Grenivík, afhenti skjöl frá Grýtubakkahreppi.
28. Páll G. Björnsson, Hellu, Rang., afhenti skjöl úr förum Ásrúnar Pálsdóttur frá Garði í Fnjóskadal, síðar á Akureyri.
29. Helga Eymundsdóttir, Akureyri, afhenti frá kjörstjórninni á Akureyri framboðslista vegna sveitarstjórnarkosninga á Akureyri 2006 og 2010, ásamt meðmælendalistum.
30. Þórunna Björgvinsdóttir, Leifshúsum, Svalbarðsströnd, afhenti fundargerðir heilbrigðisnefndar Svalbarðsstrandarhrepps.
31. Kristín Aðalsteinsdóttir, Akureyri, afhenti gögn vegna náms í sérkennslu-fræðum við Kennaraháskóla Íslands 1989-93 sem rekið var á Norðurlandi.
32. Valgerður Schiöth, Rifkelsstöðum, Eyjafjarðarsveit, afhenti nokkur smárit varðandi leiklist og tónlist úr förum Sigríðar Schiöth.
33. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afhenti fundargerðir Karla-kórs Akureyrar Geysis.
34. Bæjarskrifastofa Akureyrarbæjar afhenti ársreikninga Akureyrarbæjar fyrir árið 2009.
35. Árni Björn Árnason, Akureyri, afhenti vísur eftir Arnþór Guðmundsson frá Flatey á Skjálfanda frá tíma hans í Slippstöðinni, einnig haffærnis-skírteini Haftinds HF-123.
36. Halldóra Stefánsdóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Kvennasambandi Eyjafjarðar.

37. Brynja Pálsdóttir, Akureyri, afhenti kjörskrár við sveitarstjórnarkosningar á Akureyri 29. maí 2010.
38. Friðrik Kristjánsson, Eyjafjarðarsveit, afhenti gögn frá fræðslunefnd Hrafnagilshrepps, Kvennaskólanum á Laugalandi og Akureyri og Húsmæðraskólanum á Laugalandi. Einnig handrit sr. Benjamíns Kristjánssonar að námsmeyjaskrá.
39. Ásgrímur Ágústsson, Akureyri, afhenti vinnubækur og viðskiptabækur frá Hans Ágústi Ásgrímssyni og Ásgrími L. Jóhannessyni, Akureyri.
40. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afhenti skjöl frá Svalbarðsstrandarhreppi, Brunabótafélagi Íslands - Svalbarðsstrandarhreppsumboði, Sparisjóði Svalbarðsstrandar o.fl. úr db. Hreins Ketilssonar, Sunnuhlíð.
41. Björn Pétursson, Hafnarfirði, afhenti endurskoðaða útgáfa af Espólin gagnagrunni í ættfræði.
42. Magnús Stefánsson, Akureyri, afhenti skjöl frá FSA.
43. Anna Gísladóttir, Kópavogi, afhenti einkaskjöl úr fórum Sigfúsar Axvfjörð og fjölskyldu, Krónustöðum, Hlíðarenda og Akureyri.
44. Þóra Óskarsdóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Tónlistarskólanum á Akureyri, Lúðrasveit Akureyrar, Ingimar Eydal og Jakobi Tryggvasyni.
45. Stella Stefánsdóttir, Akureyri, afhenti sálmaskrár, samúðarkort og fáein einkaskjöl frá Jóni Hinrikssyni, f. 1897, föðurbróður Stellu.
46. Stefán Vilhjálmsson, Akureyri, afhenti gögn frá Landssambandi íslenskra samvinnustarfsmanna og Starfsmannafélagi KEA.
47. Bragi Bergmann, Akureyri, afhenti gögn frá Samstarfsnefnd vegna HM-95.
48. Dýrleif Skjöldal, Akureyri, afhenti einkaskjöl frá Ingimar Skjöldal, lögreglumanni á Akureyri.
49. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afhenti einkaskjöl frá Hreini Ketilssyni, Sunnuhlíð, Svalbarðsströnd
50. Guðmundur Steingrímsson, Akureyri, afhenti gögn frá Skipstjóra og stýrimannafélagi Norðlendinga
51. Rósa Eggertsdóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Starfshópi gegn álveri við Eyjafjörð.
52. Guðmundur Heiðreksson, Akureyri, afhenti einkaskjöl Heiðreks Guðmundssonar, skálds á Akureyri.
53. Ragna og Snjólaug Pálsdætur, Akureyri, afhentu einkaskjöl frá Páli Ólafssyni, bónda í Dagverðartungu og Huldu Snorradóttur, konu hans.
54. Haraldur Þór Egilsson, Akureyri, afhenti frá Minjasafninu gögn frá Rauðakross-deildinni á Akureyri, frá Maríu Sigríði Jóhannsdóttur á Hömrum og gögn um Stefán Jónsson, forstjóra í Skjaldarvík.
55. Þóra Björk Kristinsdóttir, Akranesi, afhenti bólusetningarvottorð Auðar Kristjánsdóttur, Ytri-Tjörnum.
56. Sigfríður Angantýsdóttir, Akureyri, afhenti viðbót við gögn föður síns, Angantýs Hjörvars Hjálmarssonar frá Villingadal.

57. Magnús Stefánsson, Akureyri, afhenti frá FSA: Dagbækur, gögn vegna Minningarsjóðs Guðmundar Dagssonar, bréf o.fl.
58. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afhenti gögn frá Kristínarsjóði, minningarsjóði um Kristínu Sigfúsdóttur, skáldkonu, komið frá Hreini Ketilssyni í Sunnuhlíð.
59. Helgi og Guðrún Jóhannesarborn, Akureyri, afhentu gögn úr búi foreldra sinna, Önnu Hermannsdóttur og Jóhannesar Hermundarsonar.
60. Guðbjörg Þorvaldsdóttir, Akureyri, afhenti skjöl frá Soroptimistaklúbbi Akureyrar.
61. Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir, Akureyri, afhenti ljóð og smásögur 6-9 ára barna á Akureyri í ljóða- og smásagnasamkeppni almenningsbókasafna.
62. Ingólfur Ármannsson, Akureyri, afhenti gögn frá skátahreyfingunni varðandi Nordjamb 1975 og Vulkan Projekt, einnig gögn frá tíð ÍÁ sem fræðslustjóra.
63. Ásta Sigurðardóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Ingimar Eydal, f. 1873 og frá fjölskyldu Harðar Eydal, f. 1909.
64. Hólmkell Hreinsson, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni Bókaskrá fyrir 1944, 5 bd.
65. Sveinberg Laxdal, Túnsbergi, Svalbarðsströnd, afhenti gögn v/Félags kartöflubænda o.fl. um kartöflurækt.
66. Lena Margrét Rist, Reykjavík, afhenti bréf og fleira frá afa sínum Lárusi J. Rist.
67. Guðrún Lára Ásgeirsdóttir, Reykjavík, afhenti líkræður og tækifærissræður sr. Sigurðar Stefánssonar á Möðruvöllum.
68. Margrét Guðjónsdóttir, Akureyri, afhenti gögn frá Héraðslækni Norðurlands eystra.
69. Birkir Örn Stefánsson, Akureyri, afhenti skjöl frá Ungmennafélaginu Æskunni, Svalbarðsstrandarhreppi.
70. Brynja Pálsdóttir, Akureyri, afhenti kjörskrár vegna kosninga til stjórnlagabings 27. nóvember 2010.
71. Sveinberg Laxdal, Túnsbergi afhenti einkaskjöl.
72. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni: Erfiljóð um Helga Jónsson (1850-1928), bónda á Þröm, Eyjafirði. Höf. Jóh. Þórðarson.
73. Ingólfur Ármannsson, Akureyri, afhenti gögn frá Gunnari Guðlaugssyni, skátahöfðingja á Akureyri.
74. Hörður Geirsson, Akureyri, afhenti frá Minjasafni einkaskjöl frá Stefáni Thorarensen, úrsmíði.
75. Hörður Geirsson, Akureyri, afhenti frá Minjasafni einkaskjöl frá Helgu Pétursdóttur, Bergi, Glerárþorpi.
76. Hörður Geirsson, Akureyri, afhenti frá Minjasafni einkaskjöl frá Guðfinnu Bjarnadóttur, Seltjarnarnesi.

77. Hörður Geirsson, Akureyri, afhenti frá Minjasafni einkaskjöl frá Hinriki Lárussyni, Akureyri.
78. Hörður Geirsson, Akureyri, afhenti frá Minjasafni einkaskjöl frá Sigurði Sumarliðasyni, landpósti.
79. Hermann Sigtryggsson, Akureyri, afhenti skjöl frá Andrésar andar leikununum á Akureyri.
80. Sunna Borg, Akureyri, afhenti fyrir Rögnu Ragnars, Seltjarnarnesi skjöl frá Sverri Ragnars, kaupmanni og sparisjóðsstjóra Akureyri.
81. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni bréf Stefáns Aðalsteinssonar til Daða Eiðssonar dags 21.11.1969, ljósrít.
82. Linda Ásgeirsdóttir, Hrísey, afhenti gögn frá Hríseyjarhreppi.
83. Svanbjörn Sigurðsson, Akureyri, afhenti könnun á landssvæði fyrir iðnaðarlóð við Eyjafjörð; gögn vegna stóriðju við Eyjafjörð.
84. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni bréf Magnúsar Jónssonar alþingismanna til kjósenda.
85. Magnús Stefánsson, Akureyri, afhenti sjúkrahúsgögn, reikninga Gudmanns Minde, bókhaldsbók o.fl.
86. Ólafur B. Thoroddsen, Akureyri, afhenti fundargerðir og bókhaldsgögn frá Síðuskóla.
87. Sigrún Ingimarsdóttir, Akureyri, afhenti frá Amtsbókasafni rit um Vilhelmínu Lever „Hún hafði gott hjarta“ eftir Gísla Jónsson, menntaskólakennara .
88. Guðrún Sigurðardóttir, Akureyri, afhenti gögn frá barnaverndarnefnd Akureyrar og félagsmálaráði. Geymd frá júní 2007, skráð í aðfangabók des. 2010.
89. Heiða Karlsdóttir, Akureyri, afhenti frá bæjarskrifstofu: Aðsend jólakort árið 2009.

Rekstrarreikningur Héraðsskjalasafnsins á Akureyri 2010

40	Tekjur - Framlag ríkis	1.021.591cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	4.305.573cr
40	Seld þjónusta	4.050cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	11.767.156.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.764.819.-
53	Húsaleiga/lausafjárleiga	20.553.323.-
53	Önnur þjónustukaup/ræsting	2.295.432.-
	Samtals:	<u>31.049.516.-</u>

